



Skóla- og frístundaráð

Staða eineltismála

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 10. nóvember 2022, fór fram umræða um stöðu eineltismála, sbr. 6. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lýsir yfir áhyggjum af stöðu eineltismála í skólakerfinu og hversu algeng og alvarleg þau mál eru eins og fréttir síðustu misseri bera með sér. Einelti í öllum sínum myndum er óásættanlegt og tryggja verður að börn geti gengið til skóla án þess að vera fyrir einelti. Óbreytt ástand kallar á endurskoðun núverandi verkferla og ekki síður endurskoðun framkvæmdar á þeim verkferlum sem til staðar eru, ekki síst með hliðsjón af stafrænu ofbeldi og snjallsímanotkun grunnskólabarna. Ályktun þessi skal send skóla- og frístundaráði.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það eru allir slegnir yfir þeim hræðilegu eineltismálum sem hafa opinberast undanfarið. Flokkur fólksins vill að þessi mál verði tekin alvarlega og að farið verði í að skoða hvernig staðan er hjá Reykjavíkurborg og leggur áherslu á að allir eineltisferlar verði skoðaðir í grunnskólum Reykjavíkur. Hér er um samvinnuverkefni okkar allra að ræða. Skólar- og íþróttafélög eru í lykilstöðu í þessum málum. Í þessu sambandi má nefna að á næsta fundi borgarstjórnar mun Flokkur fólksins leggja fram tillögu um að sett verði upp mælaborð þar sem hægt er að sjá hvaða úrræði skólar, íþrótt- og tómstundafélög Reykjavíkurborgar, hafa tiltæk þegar upp koma eineltis eða önnur ofbeldismál. Í sérhverri verkfærakistu skóla og félaga þurfa að vera til eftirfarandi gögn og þau aðgengileg á heimasíðu eða í snjallforriti: Stefna í eineltis- og öðrum ofbeldismálum, Viðbragðsáætlun þar sem raktir eru verkferlar ef tilkynning berst um einelti, Tilkynningareyðublað, Upplýsingar um hverjir sitja í eineltisteyminu. Gagnsemi mælaborðsins er margþætt m.a. Að foreldrar geta kynnt sér viðbragðsferilinn áður en barn byrjar í skólanum eða í íþróttafélagi.

Bókun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er send skóla- og frístundaráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa